

# Þelamerkurskóli á grænni grein

*-Umsókn um Grænfánann 2010-*



## **1. Pelamerkurskóli.**

Pelamerkurskóli er grunnskóli fyrir 1. - 10. bekk og er staðsettur að Laugalandi í Hörgárbyggð. Nemendur skólans koma úr Arnarneshreppi og Hörgárbyggð og á skólaárinu 2009-2010 eru nemendur 90. Skólinn er vel í sveit settur þegar litið er til staðsetningar og aðbúnaðar. Í því sambandi má nefna aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar.



Séráherslur skólans eru aðallega tvær; *HHH-verkefnið* (hollusta, hreyfing, hreysti) sem hefur það að markmiði að auka hreyfingu hjá nemendum skólans og stefna að því að bjóða uppá hollan mat í mótuneytinu og *útiskólinn* sem allir nemendur taka þátt í, í mismiklum mæli þó. Nemendur í 1. - 2. bekk eru við nám úti fyrir hádegi alla miðvikudaga og eldri nemendur skólans fara í útiskóla á vorin, eina viku í senn. Þar vinna þeir að ýmsum útiskólaverkefnum, t.d. að útbúa útiskólasvæði skólans. Fyrir utan þessa föstu stundir nýta nemendur og kennarar útiskólavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið, þó helst á haustin og vorin.

Þar sem umhverfið skipar svo stóran sess í skólastarfinu í Pelamerkurskóla höfum við ákveðið að við þurfum að hlúa enn betur að því en við höfum gert hingað til og gefa því eitthvað gott tilbaka af öllu því góða sem það hefur veitt okkur í gegnum tíðina. Það gerum við með því að ganga til liðs við Grænfánaverkefnið og er stefnan sú að sækja um Grænfánann nú í vor en skipulögð vinna að því markmiði hófst haustið 2009.

## **2. Umhverfisnefnd og staða umhverfismála.**

Skólaárið 2007-2008 (jan. '08) fylltu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri út umhverfisgátlista (viðauki 1/listi 1) og var það fyrsta eiginlega skrefið að Grænfánavinnunni okkar. Ýmis forvinna var unnin vorið 2009, t.d. hvernig við ættum að flokka rusl, hvaða rusladallar væru hentugastir, miðar útbúnir á dallana og farið í heimsókn í leikskólann í sveitarfélaginu, sem einnig er í Grænfánaverkefninu.

Umhverfisnefnd var skipuð haustið 2009. Í henni eru; Benedikt Sölvi Ingólfsson nemi í 3. bekk, Diðrik Kristjánsson nemi í 6. bekk, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir nemi í 9. bekk, Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri, Sesselja Ingólfsdóttir starfsmaður mótuneytis, Sverrir Haraldsson húsvörður, Sigríður Svavarsdóttir fulltrúi foreldra og Sigríður Guðmundsdóttir iðjuþjálfari, sem er jafnframt verkefnisstjóri Grænfánans. Nefndin hefur hist reglulega og meðfylgjandi eru fundargerðir hennar.

### ***Efni: Fundur í umhverfisnefnd Pelamerkurskóla miðvikudaginn 14. október kl. 10:00***

*Mættir voru þeir fulltrúar sem valdir höfðu verið í þessa nefnd. Það eru Diðrik Kristjánsson 6. bekk, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir 9. bekk, Sverrir Haraldsson húsvörður, Sesselja Ingólfsdóttir starfsmaður mótuneytis skólans, Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir iðjuþjálfari og fulltrúi foreldra er Sigríður Svavarsdóttir Auðnum. Sigríður Guðmundsdóttir er formaður nefndarinnar og Unnar Eiríksson ritari. Formaður setti fyrsta fund nefndarinnar og bauð fólk velkomið á fundinn. Formaður sagði frá því sem byrjað væri að gera í skólanum í sambandi við flokkun sorps. Keyptir voru endurvinnslukassar og eru þeir staðsettir á sjö stöðum í skólanum. Ef allt gengur upp stefnir skólinn að því að flagga Grænfánanum næsta vor. Kom fram í máli formanns að ekki væri*

byrjað að flokka lífrænan úrgang frá skólanum en þau mál væru í skoðun. Til þess að geta flaggað Grænfánanum þarf að fara svokölluð sjö skref. Þau eru:

1. Að stofna umhverfisnefnd við skólann.
2. Mat á stöðu umhverfismála í skólanum.
3. Setja sér markmið – frekar fá og skýr.
4. Eftirlit og endurmat áætlunar.
5. Námefnisgerð og verkefni
6. Upplýsa aðra og fá aðra með.
7. Umhverfissáttmáli.

Það má lesa frekar um þessa flokka á heimasíðu Landverndar og á heimasíðu skólans. Þegar þessi sjö skref hafa verið stigin er hægt að sækja um að fá að flagga Grænfánanum. Með þessu verkefni fylgir gátlisti þar sem skoðað er hvar skólinn stendur. Hvað er í lagi og hvað þarf að skoða betur. Farið var yfir þennan lista og rætt um næstu skref okkar í verkefninu. Átlunin er að taka kaflana kynning og menntun, meðhöndlun á rusli og umgengni og nánasta umhverfi sérstaklega fyrir í vetur.

**Fleira ekki gjört og fundi slitið kl. 11:00.**

Unnar Eiríksson fundarritari.

### **Efni: Annar fundur umhverfisnefndar Pelamerkurskóla**

#### **30. nóvember 2009**

Mættir voru fulltrúar nefndarinnar sem eru; Diðrik Kristjánsson 6. bekk, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir 9. bekk, Sverrir Haraldsson húsvörður, Sesselja Ingólfssdóttir starfsmaður mótuneytis skólans, Unnar Eiríksson aðstoðarskólalastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir iðjuþjálfari og fulltrúi foreldra Sigríður Svavarsdóttir Auðnum.

Sigríður Guðmundsdóttir er formaður nefndarinnar og Unnar Eiríksson ritari.

Formaður setti annan fund nefndarinnar og bauð fólk velkomid. Sigríður sýndi bréf frá Landvernd þar sem Pelamerkurskóli var boðinn velkominn í verkefnið Skóli á grænni grein. Í þessu bréfi frá Landvernd kom meðal annars fram að þegar skólinn telur sig hafa náð þeim markmiðum sem stefnt er að er send greinargerð til Landverndar og þeir senda síðan úttektaraðila í skólann. Ef úttektaraðili gefur grænt ljós á það sem búið er að gera í skólanum fær skólinn Grænfánann.

Formaður sagði einnig að flokkun á rusli gengi yfirleitt mjög vel en auðvitað þyrftu allir að vanda sig, bæði starfsmenn og nemendur. Kom það fram hjá fulltrúum nemenda í nefndinni að flokkun á rusli í sumum skólaflokkum væri ábótavant og lögðu þau til að ruslatunnur sem væru í stofum yrðu fjarlægðar. Ákveðið var að fjarlægja tunnurnar ekki strax heldur ræða þetta mál fyrst við kennara og biðja þá um að fylgjast betur með flokkuninni. Einnig var ákveðið að Unnar og Sigga færu í bekk og ræddu þetta mál við nemendur. Ef flokkunin lagast ekki í stofunum eftir þetta tiltal þá að fjarlægja tunnurnar.

Einnig kom það fram á fundinum að kynna mætti verkefnið betur fyrir foreldrum/ forráðamönnum nemenda og fara betur yfir það af hverju við erum að flokka rusl.

Húsvörður spurði hvernig flokka ætti gler því það væru ekki sérstakir dallar fyrir það. Ákveðið var að bæta við glerflokknarílátum. Sverrir

*húsvörður sagði einnig frá því að það væri kominn stærri flokkunargámur úti og umgengni um þá væri góð.*

*Næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 11. janúar 2010 kl. 10.00.*

***Fleira ekki gjört***

*Unnar Eiríksson fundarritari.*

***Efni: Þriðji fundur umhverfisnefndar Pelamerkurskóla***

***11. janúar 2010***

*Mættir voru þeir fulltrúar nefndarinnar sem eru Diðrik Kristjánsson 6. bekk, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir 9. bekk, Sverrir Haraldsson húsvörður, Unnar Eiríksson aðstoðarskólalastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir iðjuþjálfari og fulltrúi foreldra Sigríður Svavarsdóttir Auðnum. Sesselja Ingólfsdóttir var veik.*

*Sigríður setti þriðja fund nefndarinnar og bauð fólk velkomið. Sigga hóf fundinn með því að láta fundarmenn hafa yfirlitsblað um verkefnið **Skólar á grænni grein** þar sem fjallað er um tilurð þessa verkefnis og þau skref sem þarf að stíga til þess að skólinn geti flaggað Grænfánanum í vor en fundarmenn voru sammála um það að reyna að stefna að því. Búið er að panta fleiri endurvinnsludalla sem eiga að vera í smíðastofunni. Tveir af þessum dölum eiga að vera undir gler.*

*Formaður sagði frá því að búið væri að ræða við kennara skólans og þeir beðnir um að fylgjast betur með flokkun nemenda á rusli því nokkrir eldri nemendur virðast ekki vera að vanda sig við flokkunina.*

*Sigríður sagði að nú þyrfti að gera átak með lífræna sorpið. Eigum við að flytja lífræna sorpið í moltugerðina á Þveráreyrum eða jarðgera sjálf hér í skólanum. Þetta verkefni krefst þess að allir séu tilbúnir að gera þetta því þetta er mikil vinna. Leikskólinn Álfasteinn og Síðuskóli á Akureyri eru að jarðgera sjálfir. Ákveðið var að fundarmenn færu í heimsókn í Síðuskóla og skoðuðu það sem verið væri að gera þar. Ákveðið var að reyna að heimsækja Síðuskóla miðvikudaginn 20. janúar 2010.*

*Eitt af því sem skólinn þarf að útbúa til þess að geta sótt um Grænfánann eru markmið verkefnisins í skólanum. Einnig þarf að útbúa umhverfissáttmála skólans og fá alla nemendurna með í það. Unnar og Sigga fara í bekki til þess að kynna þetta fyrir nemendum. Einnig var rætt hvernig best sé að kynna verkefnið fyrir foreldrum og forráðamönnum nemenda.*

***Fleira ekki gjört***

*Unnar Eiríksson fundarritari.*

***Efni: Fjórði fundur umhverfisnefndar Pelamerkurskóla***

***10. febrúar 2010***

*Mættir voru fulltrúar nefndarinnar sem eru Diðrik Kristjánsson 6. bekk, Sverrir Haraldsson húsvörður, Unnar Eiríksson aðstoðarskólalastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir formaður og fulltrúi foreldra Sigríður Svavarsdóttir Auðnum. Sesselja Ingólfsdóttir var fjarverandi og Bryndís Sóley komst ekki. Einnig bættist einn fulltrúi við í nefndina en það er Benedikt Sölvi sem er nemandi í 3. bekk.*

*Sigríður setti fjórða fund nefndarinnar og bauð fólk velkomið.*

1. **mál. Umsóknin.** *Formaður sagði frá því að sækja þyrfti um grænfánann fyrir 1. mars 2010. Umsóknareyðublaðið var skoðað og rætt. Formaður sagði einnig frá því að hún væri byrjuð á skýrslunni sem fylgja þarf umsókn skólans um grænfánann. Skýrslan þarf að vera ítarleg og vel unnin.*
  2. **mál. Heimsóknin í Síðuskóla.** *Heimsóknin í Síðuskóla heppnaðist vel. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá hvernig Síðuskóli stóð að því að jarðgera. Við fengum teikningar af moltukassa sem upphaflega var fengin frá Guðmundi Sigvaldasyni sveitastjóra. Kassinn tekur einn rúmmetra. Búið er að panta efni í moltukassa og Unnar og nokkrir nemendur ætla að smíða kassann og verður hann tilbúinn fljótlega.*
  3. **mál. Markmið skólans 2009 – 2010.** *Markmiðin sem við setjum fyrir þetta skólaár tengjast öll flokkunum Meðhöndlun á rusli og umgengni og nánasta umhverfi.*
    1. *Flokka allt rusl í skólanum og senda það í endurvinnslu sem hægt er að endurvinna.*
    2. *Fræða nemendur, starfsfólk og foreldra um flokkun og mikil-vægi þess. Það gerum við með því að:*
      - a. *Setja upplýsingar um flokkana á heimasíðuna okkar og myndir af flokkunarstöðvunum. Einnig að setja inn myndir af flokkunarmiðunum.*
      - b. *Ganga í bekki og ræða við nemendur og kennara.*
      - c. *Senda miða heim á hvert heimili þar sem farið er yfir stöðu Grænfánaverkefnisins í skólanum og flokkunin almennt kynnt. Benda fólki jafnframt á tengil Grænfánaverkefnisins á heimasíðu skólans og hvetja þau til að fylgjast með.*
  3. *Jarðgera allan lífrænan úrgang sem kemur frá skólanum. Verið er að smíða moltukassa í samráði við smíðakennara.*
  4. *Spara pappír eins og hægt er. Mikið er búið að gerast í vetur til þess að spara pappír svo við erum á réttri braut.*
  5. *Skipuleggja einn umhverfisþemadag á vorönn 2010 og stefna að því að hafa hann sem árvissan atburð.*
  6. *Búa til skilti á bílastæðum skólans þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á vélinni á meðan beðið er.*
  7. *Útbúa fuglahús og fuglafóðrunarstöð í smiðjutímum og setja víðsvegar um skólalóðina. Einnig að gróðursetja berjarunna.*
  8. *Nemendur fá kynningu á vernduðum og friðlýstum svæðum í nágrenninu.*
  9. *Setja upp söfnunarkassa fyrir flöskur og dósir á stóra bílastæðinu.*
  10. *Nota mjólkurvélar í stað þess að nota fernur.*
  11. *Skipuleggja hreinsunardag á vorin fyrir hvern samkennsluhóp, þannig að allir séu ekki að gera það sama.*
- Fleira ekki gjört, Unnar Eiríksson fundarritari.*



Umhverfisnefnd fór yfir umhverfisgátlistann í haust (okt. '09) og var það þá í annað sinn sem skólinn fór yfir listann (viðauki 2/listi 2). Gaman var að sjá hvað margt hafði áunnist í umhverfisvernd á þessum tveimur skólaárum. Ákveðið var að leggja áherslu á flokkana **Meðhöndlun á rusli** og **Umgengni og nánasta umhverfi**. Farið var yfir gátlistann í þriðja skiptið nú í febrúar.

Passað er upp á pappírnotkun hér í skólanum, þ.e. reynt að endurnýta eins og hægt er. Það er t.d. gert með því að safna blöðum sem prentað hefur verið öðrum megin á og þau notuð aftur, t.d. sem krassblöð.

Hætt er að nota litaprentara að miklu leyti og í staðinn notuð ljósritunarvél skólans sem einnig er prentari. Hægt er að prenta báðum megin á blöðin í þeirri vél.



Byrjað var að flokka allt rusl síðastliðið haust. Settar voru upp flokkunarstöðvar á sjö stöðum víðs vegar um skólann; á tveimur stöðum á nemendagangi, á kennaragangi, á verknámsgangi, í smíðastofu, hjá húsverði og í mötuneyti. Á hverri flokkunarstöð eru u.þ.b. 8 endurvinnsludallar (stundum færri, eftir því hvar stöðin er staðsett), þeir eru; hvítur pappír, sléttur pappír, hart plast, lint plast, málmur, gler, lífrænn úrgangur og óflokkað rusl. Losað er úr endurvinnsluöllum í endurvinnslugám sem er staðsettur

hér við skólann en hvað varðar lífræna úrganginn þá er verið að vinna að úrbótum varðandi losun á honum.

Ákveðið hefur verið að fara í eigin moltugerð og mun smíðakennari skólans (sem jafnframt er aðstoðarskólastjóri og í umhverfisnefnd) smíða moltukassa ásamt nokkrum nemendum og er búið að finna staðsetningu fyrir kassann. Í fyrstu verður smíðaður einn kassi (1. árs kassi), síðan bætast við a.m.k. tveir kassar í viðbót (2. og 3. árs kassi).

Nokkrir starfsmenn skólans samnýta bíla á leið í/úr vinnu.

Miðar eru fyrir ofan slökkvara skólans þar sem fólk er minnt á að slökkva ljósin.

Nærumhverfi skólans og aðrir staðir í sveitarfélaginu eru markvisst notaðir í starfi með nemendum. Má þar nefna veiði í Hörgá, jólaljósdagur upp í fjallshlíðinni fyrir ofan skólann, gönguferð í Hraunsvatn, eyðibýlið Baugasel og Krossastaðagil, fjöruferð á Gáseyri, gróðursetning og umhirða trjáa í nágrenni skólans og kartöfluníðursetning.

### **3. Markmið fyrir skólaárið 2009-2010**

Markmiðin sem við setjum fyrir þetta skólaár tengjast öll flokkunum **Meðhöndlun á rusli og Umgengni og nánasta umhverfi** þar sem við höfum ákveðið að einblína fyrst á þá flokka. Umhverfisnefndin setti í sameiningu upp markmiðin sem síðan voru kynnt fyrir starfsfólki og nemendum.

1. Flokka allt rusl í skólanum og senda það í endurvinnslu sem hægt er að endurvinna.



2. Fræða nemendur, starfsfólk og foreldra um flokkun og mikilvægi þess. Það gerum við með því að;
  - Setja upplýsingar um flokkana á heimasíðuna okkar og myndir af flokkunarstöðvunum. Einnig að setja inn myndir af flokkunarmiðunum.
  - Hluti af umhverfisnefnd gengur í bekki og ræðir við nemendur og kennara.
  - Senda miða (við endurnýtum pappír, þ.e. prentum aftan á blöð sem prentað hefur verið framan á) heim á hvert heimili þar sem farið er yfir stöðu Grænfánaverkefnisins í skólanum og flokkunin almennt kynnt. Benda fólki jafnframt á tengil Grænfánaverkefnisins á heimasíðu skólans og hvetja þau til að fylgjast með.


3. Útbúa fuglahús og fuglafóðrunarstöð í smiðjutímum og setja víðsvegar um skólalóðina. Einnig að rækta berjarunna sem nemendur og starfsfólk setja niður í vor.



4. Jarðgera allan lífrænan úrgang sem kemur frá skólanum. Smiðakennari skólans og nokkrir nemendur ætla að smíða moltukassa.
5. Spara pappír eins og kostur er, t.d. með því að prenta báðum megin á blöðin, nota umslög aftur, nota tölvupóst í samskiptum við aðra og endurnýta prentuð blöð í kennslustundum eins og smíðum og myndmennt.



6. Nemendur fá kynningu á vernduðum og friðlýstum svæðum í nágrenninu, má þar nefna Jónasarlundur, Hraun, Gásir og Fornhagi og búi til yfirlitsmynd af þessum stöðum.

7. Skipuleggja einn umhverfisþemadag á vorönn '10, stefna á að hafa hann sem árvissan atburð.
    - búa til verkefni um flokkun
    - könnun um þekkingu nemenda á flokkunarkerfi skólans.
    - kanna magn sorps.
    - skipuleggja einhvers konar keppni í kringum daginn, t.d. búa til listaverk úr rusli sem týnt er. Markmiðið m.a. að hvetja nemendur til að taka virkan þátt.
  
  8. Nemendur, í samvinnu við myndmennta- og smíðakennara skólans, búa til skilti á bílastæðum skólans þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á vélinni á meðan beðið er.
  
  9. Setja upp söfnunarkassa fyrir flöskur og dósir á stóra bílastæðinu. Ágóðinn renni til góðs málefnis.
- 
10. Nota mjólkurvélur í stað þess að nota fernur.
  
  11. Skipuleggja hreinsunardag á vorin fyrir hvern samkennsluhóp, þannig að allir séu ekki að gera það sama.

Nú þegar hefur nokkrum markmiðum verið náð; við flokkum ruslið, höfum gengið í bekki reglulega og frætt nemendur auk þess sem við höfum rætt um Grænfánann á kennarafundum, við setjum reglulega inn upplýsingar inn á heimasíðuna okkar, það er búið að útbúa fuglahús og fuglafóðrunarstöð, við reynum að spara pappírinn eins og við getum og við notum mjólkurvélur. Þau markmið sem við höfum ekki náð eru öll í vinnslu en eru mislangt á veg komin.

#### **4. Eftirlit, kynning og fræðsla.**

Í vetur höfum við í umhverfisnefndinni verið dugleg að ganga í bekki til að spjalla um flokkun og minna á mikilvægi þess að vanda sig við að flokka og til að svara spurningum.

Reglulega eru nýjar upplýsingar um Grænfánaverkefnið settar inn á heimasíðu skólans, t.d. fundargerðir.

Reglulega er farið yfir umhverfisgátlistann til að meta stöðuna, hvað hefur áunnist og í hverju við þurfum að bæta okkur.





Gunnar Garðarsson frá endurvinnslunni Sagaplasti kom í heimsókn til okkar í september síðastliðnum og fræddi okkur m.a. um flokkun á rusli og hvað verður um ruslið sem flokkað er. Hann talaði fyrst við nemendur í yngri bekkjunum og síðan þau eldri. Starfsfólk skólans dreifði sér niður á þessa fyrirlestra.



Í október voru settar upplýsingar um Grænfánaverkefnið í Haust-Þyt en það er upplýsingablað frá skólanum sem fer til allra bæja, bæði í Hörgárbyggð og Arnarneshreppi.

Einnig höfum við í nefndinni verið dugleg að minna kennara á Grænfánaverkefnið okkar á kennarafundum og hvatt þá til að taka þátt af ábyrgð og jákvæðni. Hver umsjónarkennari ber ábyrgð á að það fari fram rétt flokkun hjá sínum umsjónarhóp (í hverri stofu er einungis tunna fyrir hvítan pappír, annað rusl fara þau með fram á flokkunarstöðvarnar).

Umhverfisnefndarfólk fór í heimsókn í Síðuskóla í byrjun vorannar. Þar hittum við formann umhverfisnefndar og fræddi hún okkur heilmikið um það starf sem þar hefur farið fram varðandi Grænfánaverkefnið. Einna áhugaverðast fannst okkur moltugerðin, sérstaklega þar sem við vorum með hugleiðingar um að gera slíkt í skólanum hjá okkur. Eftir heimsóknina vorum við ákveðin í að fara í eigin moltugerð og nú þegar er smíðakennari skólans ásamt nokkrum nemendum byrjaðir á moltukassa.

Formaður umhverfisnefndar, ásamt þeim nemendum sem í nefndinni sitja, kynntu lista fyrir nemendum sem hengdur var fyrir ofan hverja flokkunarstöð. Á þennan lista gátu nemendur skrifað niður vafaatriði varðandi flokkun, þ.e. í hvaða dall átti að flokka. Voru krakkarnir nokkuð dugleg við að skrifa fyrirspurnir á listana en einnig var nokkuð mikið af óþarfa kroti sem tengdist ekkert flokkun.



Hvað varðar eftirlit með prentun á pappír þá er föst skipun í aðalprentara skólans um að prenta eigi báðum megin á blöðin. Ef starfsmaður vill ekki hafa það svoleiðis þarf hann að breyta því í prentskipuninni í hvert sinn sem hann prentar.

## **6. Umhverfissáttmálinn.**

*Þelamerkurskóli er útiskóli þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að við séum meðvituð um umhverfi okkar og berum virðingu fyrir náttúrunni. Jörðin okkar er einstök og við verðum að sameinast um að passa upp á hana. Það*



*gerum við m.a. með því að flokka ruslið og endurvinna/endurnýta það sem hægt er, henda ekki rusli frá okkur hvar sem er, sameinast í bíla, hafa ekki öll ljós kveikt, nýta pappírinn og nota umhverfisvæna vöru. Það skiptir máli að við hjálpumst öll að, minnum hvert annað á og séum jákvæð því þetta er framtíðin.*



*Við viljum að jörðin verði jafn dýrmæt fyrir næstu kynslóð líkt og hún er fyrir okkur. Ef allir leggja sitt af mörkum þá tekst okkur þetta.*

## Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

- 82 fna. fernum = 60 kn<sup>pp</sup>/kilo  
settur við  
hljóða á  
máttarummi

Skóli:

- pms -

.....

Skólaárið:

Vor 2008 (15/2008)

.....

IAI og VE

## Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	X		
2. Pappír er sparaður;	X		
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,		X	
* ljósritað er báðum megin á blöð,	X		
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	X		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	X		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,	X		Gera aðgengileg
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	X		
- innan skólans,	X		
- á milli heimila og skóla,	X		
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,		X	Handklæði notuð í eldhúsi
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,	X		



	J	N	
* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.		X	- Dagstærðin fer á hvern og ein - Kominn bæjarlisti
3. Rafhlöður eru sparaðar:	X		hitið notast
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,	X		
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	X		þar sem er við
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum:	X		
* fyrir starfsfólk,	X		
* fyrir nemendur.	X		
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pökum eða pappír.			Á ekki við.
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	X		
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppþvotti.		X	
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		X	
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	X		
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrastu sparsemi.	X		

14/10



## Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Pappirsflokkun aðgengileg
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* kennarar,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* skólastjórnendur,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* húsvörður,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* allt annað starfsfólk skólans,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* ræstingafólk,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* foreldrar,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	? hverning gætum fengi foreldra?
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* blandaður pappír,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* fernur,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* bylgjupappi,	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* goslát (dósir og flöskur),	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* gler (krukkur o.fl.),	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
* málmar (niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar),	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	

* rafmagnsvörur og tæki,		X	
* rafhlöður,	X		
* spilliefni (t.d. málningarafgangar),		X	
* flúrperur og spærperur (spilliefni),		X	
* föt og klæði,	X		
* kertaafgangar.		X	
4. Lífrænar afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.		X	

Sveinir  
Þingja

## Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum:			
* gólfhreinsiefni,			
* uppþvottalögur,			
* handsápa,			
* gólfbón,			
* pappír,			
* umslög,			
* tölvur og skrifstofutæki,			
* ísskáp (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) <sup>1</sup> ,			
* rafhlöður,			
* salernispappír,			
* eldhúspappír,			
* kaffisiur,			
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.			
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr tauí, eru úr efni sem má þvo.			

<sup>1</sup> KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsunum sólar.



J N

4. Skrifffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst;			
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,		X	
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,			Alm
* vatnsleysanlegt lím,			Abh.
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) <sup>2</sup> ;			
* plastpokar,		X	
* límband, bókaplast,		X	
* plasthulstur, möppur,		X	
* glærur,		X	
* leir, kennaratyggjó.		X	
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	X		
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.		X	
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	X		

<sup>2</sup> Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar dioxín þegar það brotnar niður en dioxín er eitruð. Samt plastefni er hægt að endurvinna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfisþæf inkaup erfið.

## Umgengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	X		
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	X		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	X		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).		X	menndaverkefni af búa til skilti
5. Reglulega er farið um skólalóðina;			
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	X		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	X		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.		X	munar eittrahv
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð;			
* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	X		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	X		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	X		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,	X	X	



* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	X	X	Ekki markvíst og með vitja
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	X		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að:			
* gefa þeim í vetrarhörkum,		X	
* útbúa fyrir þá fuglahús,		X	
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.		X	
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.		X	
9. Nemendur "taka flag í fóstur".		X	Nem hafa grótusett tré uppi við götungru.
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	X		<del>Ekki við</del>
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.	X		Ekki við

## Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann:			A ekki við
* nemendur,			
* kennarar og annað starfsfólk,			
* foreldrar.			
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.	X		
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni.		X	A ekki við
4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.	X		
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	X		
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.		X	

## Orka og vatn

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru:			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	X		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.		X	
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	X		
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.	X		
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.		X	
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	X		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.		X	
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.		X	
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	X		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.		X	
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.		X	
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.		X	
12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.			



J N

13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	X		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	X		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.		X	

## Kynning og menntun

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.		X	
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.		X	
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.		X	
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.		X	
5. Umhverfismennt er sambætt skólanámskrá skólans í:			
* 1. bekk,			
* 2. bekk,			
* 3. bekk,			
* 4. bekk,			
* 5. bekk,			
* 6. bekk,			
* 7. bekk,			
* 8. bekk,			
* 9. bekk,			
* 10. bekk.			
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að			



þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	X	X	
7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.	X	X	
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.		X	
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).			
* hvernig pappír er framleiddur		X	
* hvernig sé hægt að spara pappír		X	
* hvernig pappír er enduruninn		X	
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningsíþróttum og útivist:			
* gönguferðum,	X		
* hjólreiðum,		X	af einu ferð
* ganga á skíðum	X		þeir sem vildu. Höfum gefið þetta - ekki merkt.
* skauta (úti).	X	X	einu sinni ári
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	X		áðrens skólinn - aðrir boðnir velkomnir.

## Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.		X	
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	X		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.		X	
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.		X	
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.		X	
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.		X	
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.		X	

# Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:

KMS

---

Skólaárið:

haust 2009

---

14/10 '09

Endurskoðað 10/2 '10



## Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.		X	
2. Pappír er sparaður:			
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,	X	X	er í vinnslu - kemur nýr prentari eftir nokkra daga (14/10'09) Prentarinnu kominn (10/2'10)
* ljósritað er báðum megin á blöð,	X		
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	X		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	X		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,	X		
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	X		
- innan skólans,	X		
- á milli heimila og skóla,	X		
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,		X	Enki mátt með fessu, tilmæli frá Landlækni
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,	X		

* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	X	- Dagskráin fer á hvert og ein heimili - Systkinalistinn er tilbúinn (10/2'10)
3. Rafhlöður eru sparaðar;		Hætt notaðar
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,	X	
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	X	- þar sem við er
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;		
* fyrir starfsfólk,	X	
* fyrir nemendur.	X	
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pökum eða pappír.		A' ekki við
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	X	
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppþvotti.	X	
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.	X	í vöðugun
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	X	
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	X	



## Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	X		
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	X		
* kennarar,	X		
* skólastjórnendur,	X		
* húsvörður,	X		
* allt annað starfsfólk skólans,	X		
* ræstingafólk,	X		
* foreldrar.	X		? hvernig getum við farið foreldra
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er:			
* gæðapappír,	X		
* blandaður pappír,	X		
* fernur,	X		
* bylgjupappi,	X		
* goslát (dósir og flöskur),	X		
* gler (krukkur o.fl.),	X		
* málmur (niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar),	X		

húsvörður, hvernig getum við farið foreldra  
flokka um á milli

## Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum;			
* gólfhreinsiefni,			
* uppþvottalögur,			
* handsápa,			
* gólfbón,			
* pappír,			
* umslög,			
* tölvur og skrifstofutæki,			
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) <sup>1</sup> ,			
* rafhlöður,			
* salernispappír,			
* eldhúspappír,			
* kaffisíur,			
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.			
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr taui, eru úr efni sem má þvo.			

<sup>1</sup> KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsum sólar.

4. Skriffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst:		
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,		X
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,		
* vatnsleysanlegt lím,		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) <sup>2</sup> :		
* plastpokar,		X
* límband, bókaplast,		X
* plasthulstur, möppur,		X
* glærur,		X
* leir, kennaratyggjó.		X
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	X	
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.		X
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	X	

<sup>2</sup> Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitruð. Sumt plastefni er hægt að endurvinna eins og það í gosstöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innkaup erfið.



## Umgengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	<input checked="" type="checkbox"/>		
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	<input checked="" type="checkbox"/>		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	<input checked="" type="checkbox"/>		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútbílstjórar og flutningabílstjórar).	<input checked="" type="checkbox"/>		nevendaverkefni „búin til skilti.“ títt af markmiðum okkar, er í vinnslu (10/2'10)
5. Reglulega er farið um skólalóðina:			
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	<input checked="" type="checkbox"/>		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	<input checked="" type="checkbox"/>		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.		<input checked="" type="checkbox"/>	munast litratív. Notat í litlu magni, 1
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð:			noti eftir skólalok.
* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	<input checked="" type="checkbox"/>		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	<input checked="" type="checkbox"/>		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	<input checked="" type="checkbox"/>		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,			A! ekki veit

* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	X		
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	X		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að:			
* gefa þeim í vetrarhörkum,		X	} er velt í vinnslu 10/2'10
* útbúa fyrir þá fuglahús,		X	
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.		X	
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.		X	
9. Nemendur "taka flag í fóstur".	X		
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	X		
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.	X		er í skotinu 10/2'10



## Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;			A ekki við
* nemendur,			
* kennarar og annað starfsfólk,			
* foreldrar.			
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.	X	X	
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggi.		X	A ekki við
4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.		X	
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.		X	
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.		X	

## Orka og vatn

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru:			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	X		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.		X	
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	X		
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.	X		
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.	X	X	
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	X		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.	X	X	
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.	X	X	
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	X		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.		X	
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.		X	
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.		X	
12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	X		

13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	X		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	X		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.		X	



## Kynning og menntun

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.		X	
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.		XX	
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.		X	
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.		X	
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í:	X		<p>Þískóla til stöðu hjá öllum ádurshónum en vísuðsynlegg          at Vinna frekar at markaðssetningu.</p> <p>Samþætting við Seviðar, myndmennt og          stuðju.</p>
* 1. bekk,	X		
* 2. bekk,	X		
* 3. bekk,	X		
* 4. bekk,	X		
* 5. bekk,	X		
* 6. bekk,	X		
* 7. bekk,	X		
* 8. bekk,	X		
* 9. bekk,	X		
* 10. bekk.	X		
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að			



þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	X		
7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.	X		
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.		X	
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).			
* hvernig pappír er framleiddur		X	
* hvernig sé hægt að spara pappír		X	
* hvernig pappír er enduruninn		X	
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningsíþróttum og útivist:			
* gönguferðum,	X		
* hjólreiðum,		X	dæli við
* ganga á skíðum		X	
* skauta (úti).		X	> Þannu sinni á ári
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	X		

## Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	